

Náttúrustofa Vestfjarða  
Böðvar Þórisson  
Aðalstræti 21  
415 Bolungarvík

Reykjavík, 19. september 2011

*Tilvísun:* 201107018 / 5.2

## **Efni: Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Náttúrustofu Vestfjarða, f.h. Ísafjarðarbæjar, að matsáætlun um ofanflóðavarnir undir Gleiðarhjalla, Ísafjarðarbæ.

Náttúrustofa Vestfjarða sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 16. ágúst 2011 ásamt tillögu að matsáætlun:

### **Ísafjarðarbær. Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði. Náttúrustofa Vestfjarða ágúst 2011.**

Skipulagsstofnun leitaði umsagna um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Ísafjarðarbæ, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Umhverfisstofnun og Veðurstofu Íslands. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Ísafjarðarbæ, með bréfi dags. 31. ágúst 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 6. september 2011, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 5. apríl 2011, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. september 2011 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 2. apríl 2011. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 15. september 2011.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Náttúrustofu Vestfjarða að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Náttúrustofa Vestfjarða setti fram í bréfi dags. 15. september 2011 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Framkvæmda- og áhrifasvæði, framkvæmdalýsing**

Í köflum 2 og 3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um ofanflóðahættu og fyrirhugaðar framkvæmdir til varnar ofnaflóðum. Umhverfisstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þurfi að vera skýrari umfjöllun um áhættu af ofanflóðum og mannvirkni sem áformað er að reisa því umhverfisáhrif ráðist að miklu leyti af umfangi mannvirkjanna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir forsendum er liggja að baki stærð varnargarða.

Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar og bendir á að í frummatsskýrslu þarf að vera skýr umfjöllun um niðurstöðu hættumats vegna ofanflóða og rökstuðningur fyrir umfangi mannvirkjanna, svo sem hæð varnargarða og eftir því sem við á mismunandi kosta er skoðaðir hafa verið.

## **Þættir sem valda umhverfisáhrifum**

Í kafla 4.1.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um efnistöku. Umhverfisstofnun bendir á að vegna óvissu sem virðist ríkjá um efnistöku og haugsetningu efnis ætti að fjalla í frummatsskýrslu um nokkra kosti er varða efnistöku og haugsetningu.

Í svörum framkvæmdaraðila er vísað til þess sem fram kemur í tillögunni um að ekki séu til staðar aðrir kostir til grjótnáms en í námu í Dagverðardal.

Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar og bendir á að í frummatsskýrslu þarf að vera skýr áætlun um efnistöku og haugsetningu/förgun umframefnis. Gera þarf grein fyrir einstökum stöðum þar sem til greina kemur að haugsetja efni, hámarki sem hægt er að koma fyrir á hverjum stað og áhrifum þess á umhverfið, þar með talið af flutningum efnisins.

## **Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum**

Í kafla 4.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um umhverfisþætti sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdinni, m.a. áhrifum á samfélag.

Skipulagsstofnun vill vekja athygli á nokkrum atriðum sem fram koma í dómi Hæstaréttar, nr. 671/2008, dags. 22. október 2009, þar sem til umfjöllunar var mat á umhverfisáhrifum vegalagningar um Teigsskóg. Í dómnum er m.a. bent á að grundvallarþáttur eins og öryggissjónarmið, sem er tilgangur framkvæmdar, geti ekki talist sjálfstætt til afleiðinga slíkrar framkvæmdar, sem horft verði til við mat á umhverfisáhrifum hennar. Í dómnum segir: „Þótt atriði sem þessi hafi vissulega með ýmsu móti áhrif á aðstæður manna, samfélag þeirra, heilbrigði og atvinnu, geta þau af þessum sökum ekki talist til umhverfisáhrifa í skilningi laga nr. 106/2000, enda ljóst af fyrrgreindum tilgangi laganna að þeim er einungis ætlað að taka til mats á afleiðingum framkvæmdar fyrir umhverfið en ekki á kostum hennar sjálfrar og göllum.“ Sá ávinningur er varðar öryggi íbúa sem hlýst af framkvæmdinni breytir ekki umhverfisáhrifum hennar. Í dómnum er vísað til þess að með lögum um mat á umhverfisáhrifum hafi verið ætlunin að innleiða í landsrétt tilskipun Evrópusambandsins 97/11/EB. Tilskipunin hafi verið reist á meginreglum sem mótast hafi á síðustu áratugum. Þar sé m.a. um að ræða varúðarregluna, sem feli í sér að umhverfið og náttúran skuli njóta vafans. Af þessu og lista yfir matsskyldar framkvæmdir í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum megi af þeim ráða að þeim sé fyrst og fremst ætlað að hindra spjöll á náttúru og umhverfi af völdum mengunar og framkvæmda. Því beri að skýra hugtakið „umhverfi“ í k – lið í 3. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, með hliðsjón af þessum megintilgangi þeirra.

Framkvæmdaraðila er bent á að hafa þetta til hliðsjónar við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og við gerð frummatsskýrslu. Farið er fram á að gerð verði grein fyrir ávinningi er varðar samfélagsáhrif/öryggi íbúa í sérstökum kafla á eftir inngangi/framkvæmdalýsingu í frummatsskýrslu. Í niðurstöðu umfjöllunar um þá umhverfisþætti er framkvæmdin mun hafa áhrif á og heildarmat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar á því ekki að taka tillit til ávinnings er varðar samfélag/öryggi íbúa.

Rut Kristinsdóttir

Póroddur F. Póroddsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit með tölvupósti: Ísafjarðarbær, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Umhverfisstofnun og, Veðurstofa Íslands.